

Lög um breyting á lögum nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 52).

Lög um bráðabirgðaútflytningsskýrslur, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 53).

Lög um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nótt frá 12. febr. 1872, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 54).

Lög um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 55).

Lög um útflytning á síldarmjöli, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 56).

Lög um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 57).

Lög um hafnargerð á Hornafirði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 58).

Lög um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 59).

Lög um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur; samvinnuhlutafélagi í liquidation, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 60).

Lög um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 61).

Lög um skipulag á fólksflytningum með bifreiðum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 62).

Lög um útflytningsgjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 63).

Lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 64).

2 Bréf fjármálaráðuneytisins, til skattanefnda og yfirskattanefnda, 17. jan. um framkvæmd laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í tilefni af lögum þeim um tekjuskatt og eignarskatt, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, og farið skal eftir við skattálagningu þegar á þessu ári, telur ráðuneytið rétt, með því að eigi hefir unnizt tími til að semja nýja skattareglugerð, að vekja athygli skattanefnda og yfirskattanefnda á helztu efnisbreytingum, sem um er að ræða frá eldri skattalöggjöf.

Jafnframt skal tekið fram, að með þessum nýju lögum eru numin úr gildi öll eldri lagafyrirmæli og tilskipanir um tekju- og eignarskatt og þá um leið þau ákvæði reglugerðar nr. 90 frá 1921, sem ekki samrýmast ákvæðum hinna nýju laga.

Eftirfarandi yfirliti er skipt í kafla eftir eðli breytinganna og jafnframt vísað í tilsvaramandi greinar í nýju lögnum.

I. Skattskylda.

2

- A. (Sjá 1. gr., fyrri málsgr.). Hér er bætt inn því ákvæði, að heimilisfastur hér á landi teljist hver sá maður, sem dvalið hefur hér á landi 6 mánuði af skattárinu eða lengur. Hver sá, sem svo er ástatt um, skal því gjalda hér skatt af öllum skattskyldum tekjum sínum á skattárinu, hvar sem þeirra hefir verið aflað, og af öllum eignum sínum, hvort sem þær eru hér á landi eða erlendis. Nær þetta til allra annara en þeirra, sem sérstaklega kunna að verða undanþegnir skattgreiðslu, samkv. 2. gr., 3. og 4. mgr., eða 4. og 5. gr.
- B. Þeir, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, hvort sem er einstaklingar eða félög, verða skattskyldir hér á landi, ef þeir eiga hér eignir, sem getið er í 15. gr. eða hafa tekjur þær er taldar eru í 2. og 3. gr. skattlaganna.
- C. (Sjá 4. gr.). Undanþegið er skattgreiðslu: Ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir, fyrirtæki er bæjarfélög eða sveitarfélög reka og sjóðir þeirra.
- D. (Sjá 4. gr.) Felld hefir verið niður ákvæðið um, að stjórnarráðið úrskurði ágreining um skattskyldu. Slík atriði heyra nú undir ríkisskattaneftnd og síðan dómstóla. (Sjá 41. gr.).

II. Nýir skattstigar.

- A. *Tekjuskattur* (sjá 6. gr.). Hér er ákveðinn nýr tekjuskattstigi og gildir hann bæði fyrir einstaklinga og félög, önnur en samvinnufélög. Skattur hlutafélaga t. d. reiknast því eins og skattur einstaklinga, en ekki í hlutfalli við innborgað hlutfé og varasjóð, eins og verið hefir. Þó er sá mismunur, að tekjuskattur þeirra félaga, sem talin eru 3. gr. a. og c. má aldrei vera minni en 5% af skattskyldum tekjum. Sama gildir um þá, sem erlendis eru heimilisfastir.

Félög þau, sem talin er undir 3. gr. b.-lið (samvinnufélög), skulu greiða 8% af skattskyldum tekjum.

- B. *Eignarskattur* (sjá 14. gr.). Hér er einnig nýr skattstigi.

Eignarskattur erlendra félaga og þeirra, sem erlendis eru búsettir, reiknast eftir sama skattstiga, en má þó aldrei vera lægri en 4‰ af hinni skattskyldu eign.

III. Skatttekjur félaga.

- A. (8. gr. 4. málsgrein):

„Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, í hlutfalli við vorkaup þeirra á árinu, og ennfremur vætli af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts, sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnu-

- 2 *félaga helming af varasjóðstillagi því, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 36*
17. jan. *27. júní 1921“.*

Af ákvæðum þessarar greinar leiðir, að telja ber stofnsjóð til skuldar hjá félögum þessum en til eignar hjá félagsmönnum. Vel ber að athuga að til tekna á samkv. þessu að telja aðeins úthlutaða uppbót á innlögðum framleiðsluvörum.

B. (8. gr. síðasta málsgrein):

„Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3 gr. a, mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er *helmingur þeirrar upphæðar* undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðan notuð til úthlutunar til hluthafa, eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja $\frac{3}{5}$ *þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað*, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunarsjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð“.

Þess skal gætt að aðeins þau félög, sem talin eru undir 3. gr., a.-lið, hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, hafa leyfi til að draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Skattanefndinni ber að fylgjast vel með því, að þeim upphæðum, sem félögin hafa ákveðið að leggja í varasjóð, sé raunverulega ráðstafað þannig, og ennfremur að athuga, hvort nokkrar upphæðir eru teknar úr varasjóðnum til annars en að mæta áföllnum töpum, ella ber að telja $\frac{3}{5}$ hluta þess, sem úr sjóðnum er tekið, til skattskyldra tekna.

IV. Tekjur.

Sjá 7. grein.

B.-liður. Aftan við þennan lið hefir verið bætt þessum ákvæðum: „Til skattskyldra gjafa telst m. a.: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru verulegu nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 9. gr. b. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir nema arðberandi eignir séu gefnar“.

C.-liður. Hér er ákveðið að reikna skuli mönnum til tekna afgjald eða leigu fyrir þær eignir, sem þeir láta öðrum í té til afnota án endurgjalds. Sé um húseignir að ræða skal miðað við reglu ríkisskattanefndar um að meta leigu 10% af fasteignamati íbúðarhúsa með lóð, þar sem því verður við komið. Ella verður að áætla leiguna.

D.-liður. Hér er bætt við þessum ákvæðum: „Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðsútborgunar, úthlutuð frihlutabréf og úthlutanir við

félagsslit, umfram upphaflegt hlutafjárframlag, og sérhver önnur afhending 2
verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. 17. jan.
Arð hlutafélags af eign í eigin hlutabréfum skal reikna á sama hátt og af
bréfum einstakra hluthafa“.

Ennfremur er við liðinn þessi viðauki: „Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, en heimilt er að telja afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans“.

Um afföll skal að öðru leyti farið eftir þeim reglum, sem settar eru af ríkisskattanevnd í leiðbeiningum til skattanevnda, 13. lið.

Aftan við 7. gr. hefir loks verið bætt þessu ákvæði: „Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefir myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða“.

Sjá 9. gr. Fyrirframgreiðslur upp í arf teljast ekki til tekna greiðsluþega, en sýna verður skilríki fyrir því, að erfðafjárskattur hafi verið greiddur af upphæðinni, til sönnunar því, að um slíka greiðslu sé að ræða.

Örorkubætur skal eigi telja til tekna.

V. Frádráttur.

Breytingar á 10. grein.

A.-liður. Hér eru þrjú ný ákvæði:

1) Sömu reglu eða venju skal fylgja frá ári til árs um fyrningu eða afskrift á eignum gjaldenda.

Einkum skal þess gætt, að eignir séu fyrndar jafnt á taps- og gróðarárum.

2) „Til rekstrarkostnaðar telst launauppbót greidd starfsmönnum eða verkamönnum, hvort sem hún er greidd í reiðufé eða hlutabréfum“.

3) Til gjalda má ekki færa greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

B.-liður. Þessi liður er nýr. Fyrri hluti hans er um skuldaafskriftir. (Frá tekjum skal draga): „Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð, að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað“.

Skattanevndin verður jafnan að fá sundurliðaðan lista yfir allar afskrifaðar skuldir hjá hverjum gjaldanda og sömuleiðis yfirinnborganir upp í afskrifaðar skuldir. Ekki má afskrifa skuldir, sem ekki viðkoma atvinnurekstri gjaldenda eða öflun tekna, t. d. peningalán. Ekki má leyfa afskrift á skuld, nema full ástæða virðist vera til að telja hana tapaða. Hinsvegar skal þess gætt, að gjaldendur fresti ekki að afskrifa skuldir, sem vitanlegt er að ekki fást greiddar. T. d. verður að vera vel á verði gegn því að sleppt sé að afskrifa tapaðar skuldir á tapsárum, en þær síðan látnar koma til frádráttar þegar um tekjur er að ræða, sbr. það, sem sagt er um A.-lið.

- 2 Seinni hluti þessa liðs er um yfirfærslu á tapi milli ára, og er það ný-
 17. jan. mæli: „Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót, og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð, og ekki sé úthlut- að arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefir unnið upp tapið“.

D.-liður. Hér er gerð sú breyting, að hámark iðgjaldsfrádráttar fyrir ó- lögboðna persónutryggingu er ákveðið 500 kr. Að öðru leyti gilda um þetta atriði ákvæði þau, sem sett eru af ríkisskattanefnd í bréfi hennar til skatta- nefnda og yfirskattanefnda, 17. lið.

E.-liður. Hér er nýr frádráttarliður: „Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkra- sjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 2% af hreinum tekjum aðila“.

F.-liður. Hér eru þessi ný ákvæði: „Þó má ekki færa til gjalda dráttar- vexti af sköttum eða útsvörum, vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbygg- inga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af keyptum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í 7. gr., d.-lið, síðari máls- grein“.

G.-liður. Hér er sett ákvæði um, að aðeins megi leyfa til frádráttar tekju- skatt, eignarskatt og aukaútsvar, sem greitt hefir verið á árinu.

Að síðustu er í lok 10. gr. bætt inn því ákvæði, að veita megi frádrátt „til heimilisstjórnar (kaup ráðskonu)“.

Þetta ákvæði er ætlað til að ná eingöngu til eftirtalda aðila:

- 1) Ógiftra manna eða ekkjumanna, sem hafa haft ráðskonu vegna búrekstr- ar eða ómagaframfærslu.
- 2) Giftra manna, sem hafa haft ráðskonu vegna þess, að konan hefir haft atvinnu utan heimilis.

Þessi frádráttur má þó aldrei nema meiru en lögleyfður frádráttur fyrir eiginkonu, þ. e. í kaupstöðum og kauptúnunum (með yfir 300 íbúa) 700 kr., og annarsstaðar á landinu 600 kr.

Þar sem konan vinnur utan heimilis, má þessi frádráttur þó aldrei nema meiru en þær tekjur, sem hún hefir fengið fyrir þá atvinnu.

VI. Persónufrádráttur.

Samkv. 12. gr. er persónufrádráttur nú ákveðinn þessi:

- 1) Í Reykjavík: Fyrir einstakling 800 kr., fyrir hjón 1500 kr., fyrir börn og aðra skyldumaga 500 kr.
- 2) Í kaupstöðum og kauptúnunum með yfir 300 íbúa: Fyrir einstakling 700 kr., fyrir hjón 1400 kr. og fyrir börn og aðra skyldumaga 500 kr.
- 3) Annarsstaðar á landinu: Fyrir einstakling 600 kr., fyrir hjón 1200 kr. og fyrir börn og skyldumaga 500 kr.

Auk hækkunar persónufrádráttarins og þess mismunar, sem gerður er á Reykjavík, bæjum og öðrum landshlutum, er frádráttaraldur barna hækk-

aður úr 14 í 16 ár. Við skattálagningu á yfirstandandi ári skal því veita frádrátt fyrir börn fædd árið 1919 eða síðar. 2

17. jan.

Hafi börn eða aðrir skylduómagar haft tekjur á skattárinu, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

Sérstaklega verður að gæta þess um unglinga á aldrinum frá 14—16 ára, að þeir hafa iðulega tekjur. Þar sem unglingar á þessum aldri vinna að búrekstri eða heimilisstörfum hjá foreldrum sínum, er framfæranda að visu leyfilegt að draga frá á sínu framtali eðlilegt endurgjald fyrir þá vinnu, sem frádráttarbær er, skv. ákvæðum skattalaganna, en persónufrádráttur lækkar þá um þá upphæð, að viðbættum öðrum tekjum unglingsins, ef einhverjar eru, og fellur persónufrádráttur framfæranda vegna unglings niður ef tekjurnar ná kr. 500,00, en sjálfstæðir skattgreiðendur verða þessir unglingar eftir almennum reglum.

VII. Eignamat.

Breytingar á 19. gr.

A-liður. Sé fasteignamat eignar ekki fyrir hendi, skal farið eftir áætluðu matsverði.

B-liður. Nýr liður, og hljóðar svo:

„Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með því verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undarskattanefnda“.

D-liður. „Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úrteltum vörum“.

Þess verður að gæta, að vörubirgðir séu metnar á sama hátt frá ári til árs.

E-liður. „Hlutabréf skulu talin með söluverði á árinu ef raunveruleg sala hlutabréfa hefir átt sér stað á árinu milli óskyldra gegn staðgreiðslu á minnst 2% af hlutafénu, en annars metin með áætluðu söluverði, og skal þá hafa hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunum og efnahagsreikningi félagsins í árslok.“

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skulu metin eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til að þau séu ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað“.

F-liður. „Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða eigi, nema vitanlegt sé að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.“

VIII. Skattanefndir.

A. Skipun skatanefnda er óbreytt frá því sem verið hefir.

B. Í 26. gr. eru sett ákvæði um skilyrði fyrir setu í skattanefnd og eru þau að mestu hin sömu og í 28. gr. skattareglugerðarinnar frá 1921.

- 2 C. Fellt hefir verið niður það ákvæði 26. gr. gömlu laganna að sá, sem öðrum
17. jan. er háður sem hjú, skuli ekki eiga setu í skattanefnd. Skiptir það nú eigi máli um kjörgengi til nefndar eða skipun.
- D. Í 29. gr. eru sett ákvæði um það, hvenær varamaður skuli taka sæti í skattanefnd, sbr. reglugerðina 28 gr. B.
- E. Laun undirskattanefndarmanna eru ákveðin sem hér segir (sjá 30. gr. a.):
Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppar fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 kr. og ekki vera minni en 4 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns. Vill ráðuneytið taka það fram, að þá er vitanlega átt við fullan starfsdag.
- Yfirskaðanefndarmenn utan Reykjavíkur skulu fá greiddan ferðakostnað, auk dagkaups síns.

IX. Störf skattanefnda.

- A. *Sjá 32. gr., 1. málsg.* Skylda til að útfylla framtalsskýrslu hvílir á öllum þeim, sem hafa haft „Tekjur samkv. 7. gr. eða eignir samkv. 17. gr.“. Skiptaráðendum dánar- og þrotabúa er hér einnig gert að skyldu að telja fram fyrir þau bú, sem þeir hafa undir skiptum.
- B. *32. gr., 2. málsg.* Skattanefndum er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita mönnum framtalsfrest til 15 marz.
- C. Í 33. gr. eru sett ýms nánari ákvæði um uppgjafaskyldu ýmsra stofnana. Allar þær upplýsingar, sem hér um ræðir, er skylt að láta í té í því formi, sem óskað er. Auk þess er ríkisskattanefnd veittur aðgangur að bókum allra lánsstofnana.
- Einstökum mönnum og stofnunum er skylt að gefa upp, ásamt starfsmannakaupi, stjórnarlaun, ágóðabókun, gjafir og þess háttar.
- D. *Sjá 34. gr.* Skattanefnd er heimilt að leiðrétta einstaka liði framtals, sem eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli, og önnur atriði, ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, án þess að kalla gjaldanda sérstaklega fyrir sig. En jafnan skal þó gera framteljendum aðvart um þær breytingar, sem þannig hafa verið gerðar.

Komi það í ljós eftir á, að tekjur eða eign einhvers hafi verið áætlað lægra en vera bar, er skattanefnd heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra en 5 ár aftur í tímann.

Sjá 49. gr. Komi í ljós, að skattþegn hafi vantað á skrá, skal gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra en 3 ár aftur í tímann.

- E. *Sjá 35. gr.* Hér er bætt við þessu nýmæli: „Yfirskaðanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 kr. fyrir ættingja og vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu“.

Ganga verður þó úr skugga um, að ættingjar þessir eða vandamenn hafi ekki tekjur eða vinnu fyrir sér á einhvern hátt. Ennfremur ber að

taka tillit til efnahags og tekna þess, sem framfærir, á sama hátt og þegar um linun í skatti vegna veikinda er að ræða. 2

- F. *Sjá 36. gr.* Hér eru viðbótarákvæði um skattskrá: „Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 7. og 8. gr., frádrátt samkv. 10. og 12. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 17. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt. 17. jan.

Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar, og liggja til sýnis 2 vikur (áður 1.—15. dag aprílmán.).

- G. 38. *gr.* Hér eru tekin upp ákvæði tilskipunar 12. apríl 1929 um heimild yfirsattanefnda til þess að taka til greina kærur, sem of seint eru fram komnar. Ennfremur sett fyrir mæli um úrskurðun yfirsattanefndar á útsvörum.
- H. *Sjá 39. gr.* Fjármálaráðherra getur veitt yfirsattanefndum frest til að ljúka störfum, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.
- Þegar yfirsattanefndir hafa lokið störfum, skulu þær senda ríkissattanefnd, á skattstofunni í Reykjavík, skattskrána, ásamt framtalsskýrslum, og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða.
- I. Hér eru felld inn lögín um ríkissattanefnd, með litlum breytingum (sjá 33., 39., 40 og 41. gr.).

Ríkissattanefnd skal hafa lokið við að úrskurða kærur úr Reykjavík fyrir septemberlok, en kærur annarsstaðar frá fyrir nóvemberlok.

Úrskurður ríkissattanefnda er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

X. Innheimta.

- A. *Sjá 45. gr.* „Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst“.

Breyti ríkissattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimumanni fyrir gjalddaga skattsins og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

Eigi falla niður dráttarvextir þótt greiðslu hafi verið frestað vegna þess að endanlegur úrskurður var ófenginn, nema um endurgreiðslu skatts sé að ræða.

- B. Felld er í burtu 43. gr. gömlu laganna, um að hver heimilisfaðir skuli greiða tekju- og eignarskatt fyrir þá gjaldskylda menn, sem hjá honum eru heimilisfastir.
- C. *Sjá 11. og 20. gr.* Hjón ábyrgjast skattgreiðslu hvors annars. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ófjárráða, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.
- Ráðuneytið vill taka það fram, að vegna þess að lögín eru ekki staðfest fyrr en 9. jan. þ. á., leggur það svo fyrir, að skattskrárnar verði þetta ár ekki lagðar fram fyrr en 3. apríl.